



Lög Handknattleiksdeildar Gróttu

1. gr. Heiti

Deildin heitir Handknattleiksdeild Gróttu og er hún deild innan vébanda Íþróttafélagsins Gróttu. Varnarþing deildarinnar er á Seltjarnarnesi.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur deildarinnar er að standa fyrir iðkun og keppni í handbolta, stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu uppeldi með forvarnir að leiðarljósi.

3. gr. Félagar og rekstur

Rétt til að teljast meðlimir Handknattleiksdeildar Gróttu eiga þeir sem iðka handknattleik hjá deildinni, forráðamenn iðkenda, stjórnarmenn, varastjórnarmenn og starfsmenn deildarinnar. Deildin heyrir undir aðalstjórn, sem er æðsti aðili Íþróttafélagsins milli aðalfunda. Deildin hefur með höndum rekstur alls handknattleiksstarfs innan vébanda Íþróttafélagsins Gróttu, þ.e. unglinga- og barnaflokka frá 2. flokki til 8. flokks og meistaraflokka karla og kvenna.

4. gr. Úrsögn

Úrsögn úr deildinni skal tilkynna stjórn Handknattleiksdeildar Gróttu. Úrsagnir skulu teknar til greina er viðkomandi er skuldlaus.

5. gr. Styrktarfélagar

Styrktarfélagar geta þeir orðið, sem náð hafa tuttugu ára aldri.

6. gr. Reikningsár

Reikningsár deildarinnar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Reikningar deildarinnar skulu vera komnir til skoðunarmanna félagsins eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund.

7. gr. Stjórn

Stjórn Handknattleiksdeildar Gróttu skal skipuð 7 eða 9 mönnum auk tveggja varamanna. Stjórn skal kjörin á aðalfundi. Formaður skal vera fulltrúi deildarinnar í aðalstjórn félagsins.



Stjórnin skal skipuð formanni deildarinnar, formanni unglingaráðs og formanni heimaleikjaráðs. Að öðru leyti skal stjórn deildarinnar skipta með sér verkefnum. Leita skal eftir uppástungum og kjósa einungis um þá, sem stungið er upp á. Stjórn deildarinnar er kosin til eins árs í senn.

Stjórn handknattleiksdeildar skal skipa heimaleikja- og unglingaráð sem bæði heyra undir stjórn handknattleiksdeildar. Í hvoru ráði fyrir sig skulu að jafnaði eiga sæti fimm til sjö aðilar.

8. gr. Starfssvið stjórnar

Stjórn deildarinnar ber að efla deildina á allan hátt og gæta hagsmuna hennar í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir sjóðum deildarinnar og eignum og ræður starfsemi hennar. Skilja skal að fjárhag unglingaráðs annars vegar og fjárhag meistaraflokka hins vegar. Unglingaráð skal skila endurskoðuðum reikningum og skýrslu til stjórnar handknattleiksdeildar.

9. gr. Ráðningar þjálfara og daglegur rekstur

Stjórn deildarinnar ræður þjálfara meistaraflokka og ákveður laun þeirra. Stjórnin ræður yfirþjálfara og þjálfara yngri flokka og ákveður laun þeirra í samráði við unglingaráð. Sé ágreiningur um ráðningu yfirþjálfara eða þjálfara yngri flokka og/eða launakjör þeirra sker stjórn handknattleiksdeildar úr þeim ágreiningi.

Unglingaráð sinnir daglegum rekstri flokka sinna. Daglegur rekstur meistaraflokka sinnir stjórn deildarinnar en heimaleikjaráð sér um umgjörð heimaleikja. Hvert ráð skal halda fundargerðir um alla fundi og annað markvert sem að gerist innan deildarinnar.

10. gr. Aðalfundur

Fyrir lok febrúar ár hvert skal haldinn aðalfundur deildarinnar. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir iðkendur deildarinnar fimmtán ára og eldri sem mættir eru og hafa greitt æfingagjöld, mættir forráðamenn allra iðkenda, mættir stjórnar- og varastjórnarmenn og starfsmenn deildarinnar. Allir meðlimir deildarinnar hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundum deildarinnar. Fundirnir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara og eru lögmætir sé rétt til þeirra boðað. Jafnframt fundarboðun skal aðalstjórn tilkynnt um fundinn.



Á dagskrá aðalfundar Handknattleiksdeildar Gróttu skal taka þessi mál til afgreiðslu:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Stjórn gefur skýrslu um starfsemina á liðnu ári.
3. Stjórn gefur skýrslu um fjármál deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning 7 eða 9 manna í stjórn.
6. Kosning 2 varamanna í stjórn.
7. Kosning fulltrúa á aðalfund félagsins sbr. lög Gróttu.
8. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi skal stjórn deildarinnar tilkynna aðalstjórn hverjir kjörnir hafi verið í stjórn deildarinnar.

11. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi deildarinnar og þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðabærra, mættra félagsmanna til að lagabreytingar nái fram að ganga. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í fundarboði og skulu tillögur liggja frammi hjá stjórn deildarinnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund.